



REGLUR AKRANESKAUPSTAÐAR UM ÚTHLUTUN SÉRSTAKRA ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTYRKI FYRIR BÖRN Á TEKJULÁGUM HEIMILUM Á HAUSTÖNN 2021.

1. gr. Tilfni

Reglur þessar eru gefnar út til að samræmis sé gætt við úthlutun sérstakra íþróttá- og tómslundastyrkja til barna frá tekjulágum heimilum til að auka jöfnuð til íþróttá- og tómslundastarfs, samkvæmt tímabundinni fjárheimild í fjárlögum fyrir árið 2021 og lögum nr. 158/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins.

Styrkir þessir eru veittir af sveitarfélaginu á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

2. gr. Inntak styrkveitingar

Fyrir 31. desember 2021 skal greiða íþróttá- og tómslundastyrk með börnum fæddum á árunum 2006 til 2015 sem eru með lögheimili á tekjulágum heimilum á Akranesi.

Með tekjulágum heimilum er átt við heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 787.200 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júní 2021, sjá nánar í 3. gr. um staðfestingu á tekjuviðmiði.

Styrk skal greiða vegna útlagðs kostnaðar við íþróttá- og tómslundastarf á haustönn 2021, allt að 25.000 kr. fyrir hvert barn.

Íþróttá- og tómslundastyrkir eru veittir vegna þátttöku í skipulögðu íþróttá- og tómslundastarfi sem stundað er undir leiðsögn þjálfara og leiðbeinenda og nær yfir eina önn eða að lágmarki 10 vikur. Ekki er heimilt að nýta íþróttá- og tómslundastyrk til greiðslu á tækjum, búnaði, fatnaði og ferðum.

3. gr. Umsókn

Íþróttá- og tómslundastyrkur skv. 2. gr., er greiddur samkvæmt umsókn.

Þegar umsækjandi sækir um Tómslundaframlag Akraneskaupstaðar er það gert með því að skrá barn í íbúagátt í gegnum NÓRA. Þar er hægt að ráðstafa Tómslundaframlaginu milli íþróttá- eða tómslundafélaga. Einnig er hægt að óska eftir að kannaður sé réttur barns til íþróttá- og tómslundastyrks skv. reglum þessum.

Ef umsækjandi á rétt á styrk skv. reglum þessum þá leggst sú upphæð við upphæð Tómslundaframlag Akraneskaupstaðar þannig að heildarupphæð styrks með hverju barni

hækkar því sem nemur. Sé styrkuppþæðin ekki nýtt til fulls skal ávallt fullnýta fyrst Tómsundaframlag Akraneskaupstaðar.

Ef umsækjandi telur að rafræn niðurstaða um rétt barns skv. 2. mgr. sé ekki rétt skal hann beina umsókn um styrkinn til sveitarfélags, sbr. 1. mgr.

4. gr. Málsmeðferð

Um málsmeðferð, þ.m.t. kæruheimild, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun sveitarfélagsins til velferðar- og mannréttindaráðs. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjandi barst vitneskja um það hvort hann uppfyllir skilyrði um rétt sinn til íþróttá- og tómskundastyrks hjá Ísland.is.

5. gr. Gildistaka

Reglur þessar, sem byggðar eru á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins um um sérstaka íþróttá- og tómskundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum á haustönn 2021, öðlast þegar gildi.

Eldri Reglur Akraneskaupstaðar um íþróttá- og tómskundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum eru felldrar úr gildi.

Samþykkt í velferðar- og mannréttindaráði 16. september 2021

Samþykkt í bæjarráði 30. September 2021

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness 12. október 2021

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

The image shows an official blue ink stamp of the Akranes Municipality. The stamp is oval-shaped and contains the text "BÆJARSTJÓRINN" at the top, a central crest with a shield and waves, and "AKRANES" at the bottom. A handwritten signature in blue ink is written across the stamp.

Sævar Freyr Práinsson

bæjarstjóri